



Aðgerðaáætlun Leikskólans Krógabóls

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2023

Samþykkt af stjórnendum Leikskólans Krógabóls þann 25.03.2024

unicef 
fyrir öll börn

RÉTTINDA
SKÓLI

Efnisyfirlit

Réttindaskóli UNICEF	4
Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn	4
Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni.....	5
Greinargerð vegna stöðumats	6
Aðgerðaáætlun Leikskólans Krógabóls (2022-2024).....	7
Aðgerð 1	8
Aðgerð 2	9
Aðgerð 3	10
Aðgerð 4	11
Aðgerð 5	12
Aðgerð 6	13
Samantekt	14

Réttindaskóli UNICEF

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar (leik- og grunnskólar), frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

[Fjöldi Réttindaskóla UNICEF eru starfræktur víðsvegar](#) um heiminn en UNICEF aðlagar verkefnið hverju landi fyrir sig. Fyrstu Réttindaskólarnir á Íslandi hlutu viðurkenningu árið 2017 og þeim fer hratt fjölgandi.

Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn

Í Réttindaskólum UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skólastarfið.

Fyrsta skref er að börnin njóti þeirra réttinda að mennta sig.

AÐ LÆRA ERU RÉTTINDI

Skref tvö er að börn og fullorðin þekki og læri um réttindi barna.


AÐ LÆRA UM RÉTTINDI

Í skrefi þrjú læra börn um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra.

AÐ LÆRA Í RÉTTINDAUMHVERFI

Lokaskrefið er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

AÐ LÆRA AÐ IÐKA RÉTTINDI



Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni

Markmið verkefnisins

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm.

Fyrsta markmiðið er að **auka þekkingu á réttindum barna**. Börn og fullorðin þurfa að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skóla og frístundastarf .

Annað markmiðið er **aukið lýðræði**. Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er að **skapa eldmóð fyrir réttindum barna**. Börn verða að fá tækifæri til að læra um eigin réttindi og réttindi annarra barna, þvert á námsfög. Jafnframt eiga börn og ungmenni að fá þjálfun og hvatningu í því að standa á rétti sínum og til að beita sér fyrir mannréttindum í skólanum, frístundastarfinu og samfélaginu öllu .

Fjórdá markmiðið er að **Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi**. Barnasáttmálinn þarf að vera rauður þráður í skóla- og frístundastarfi. Stjórnendur vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í ákvarðanatöku og hann er grunnurinn að daglegum samskiptum barna, kennara og frístundaráðgjafa. Barnasáttmálinn er einnig notaður sem viðmið þegar skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar móta stefnur og reglur starfsins.

Fimmta og síðasta markmið verkefnisins er **samstarf út frá þörfum barnsins**. Skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF **bæði hugmyndafræði og hagnýtt verkefni** sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Greinargerð vegna stöðumats

Stöðumat var lagt fyrir starfsfólk í byrjun árs 2023 og var þátttaka mjög góð.

Niðurstöður gáfu til kynna að of há prósentu svarenda vissu lítið um réttindi barna, eins var þekking starfsfóks á samræmdri áætlun um tilkynningar til barnaverndar og jafnréttisáætlun Krógabóls of lítil.

Stöðumat barna var lagt fyrir á vorönn 2024 en ekki á haustönninni eins og við hefðum átt að gera.

Niðurstöður komu vel út, börnin eru meðvituð um réttindi sín og líður almennt vel í leikskólanum og heima, eins svöruðu þau öll að hugsað væri vel um þau í leikskólanum og heima. Þau fá að ráða hvar og með hverjum þau leika sér en voru flest á því að þau vildu samt ráða meiru. Almennt finnst þeim börnin vera góð við hvert annað í leikskólanum og eins telja þau öll að leikskólinn sé góður fyrir alla, líka börn sem sjá ekki vel eða eru í hjólastól. Einu áhyggjurnar sem þau höfðu var ef barn í hjólastól væri í leikskólanum þá gæti það kannski meitt sig ef hin börnin myndu hlaupa á stólinn. Börnin svöruðu að þau ráði í leikskólanum með kennurunum en nánast öll börnin svöruðu því að kennararnir ráði í matartímanum og foreldrarnir ráði matartímanum heima. Í leikskólanum upplifa börnin sig flest örugg, í útiveru, á salerninu, í hópastarfi, í matartímunum og með öllum kennurunum. Leikur barnanna í útiveru var það svæði sem öll börnin upplifa sig ekki örugg en við nánari umræður kom í ljós að leikurinn „lögga og bófi“ var ástæðan.

Elstu börnin í leikskólanum Krógabóli sitja í Réttindaráði. Fyrsti fundur var í febrúar 2024 og fundir haldnir vikulega eftir það. Fjögur til fimm börn á hverjum fundi (alls 24 börn í árgangnum) svo hver hópur fundaði einu sinni á fimm vikna fresti. Á fyrstu fundunum var Réttindaráðið að mestu að vinna með hugmyndakassann og ræða um réttindin en fljótlega fórum við að vinna með réttindaspjöldin á fundunum.

Verkefnastjóri elstu deildar sat Réttindaráðsfundina og tengiliður sat fyrstu fundina og var eftir það tilbúinn að koma ef þess var óskað.

Börnin fundu góðan stað fyrir Hugmyndakassann og er hann staðsettur inni á deildinni (Móinn) og opnaður vikulega á Réttindaráðsfundunum.

Þar sem elsti árgangur Krógabóls er með aðsetur í Síðuskóla ákváðum við að vera með annað réttindaráð (yngra Réttindaráð) sem næst elsti árgangur situr í. Þar með erum við með tvö réttindaráð. Eins fannst okkur þurfa að vera hugmyndakassar í báðum húsnæðunum og erum því með tvo hugmyndakassa. Fyrsti fundur yngra Réttindaráðs var haldinn í mars 2024 og var fyrirkomulagið eins og hjá eldra Réttindaráðinu, umræður og hugmyndakassinn. Áætlað er að vinna með fjögur til fimm börn í einu en börnin eru alls 17 og hver hópur fundar einu sinni í mánuði. Börnin í yngra Réttindaráðinu fundu líka góðan stað fyrir Hugmyndakassann sem er staðsettur á ganginum fyrir framan deildarnar og eins og hjá eldra ráðinu er hann opnaður vikulega og athugað með innihaldið.

Aðgerðaáætlun Leikskólans Krógabóls (2022-2024)

Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem réttindaráð verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Krógabóls vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2022-2024.

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð (hvað og af hverju). Ábyrgðaraðili (hver) er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan ákveðins tímaramma (hvenær). Einnig kemur fram hvernig framkvæma á aðgerðina (hvernig). Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerðin tengist sérstaklega. Einnig eru tilgreind þau heimsmarkmið sem eiga við um aðgerðina. Þá er tekið fram hvaða markmið Réttindaskóla eiga við um hverja aðgerð.

Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er það verkefni sem lýkur aldrei.

Aðgerð 1

Hvað: Að starfsfólk læri og þekki réttindi barna.

Hver: Verkefnastjórar á öllum deildum og skólastjóri.

Hvernig: Vinna með verkefnahefti Unicef. Setja greinagerð inn í starfsmannahandbók Krógbólss fyrir nýtt starfsfólk.

Hvernær: Verkefnavinna á skipulagsdögum/starfsmannafundum, 2023-2024.

Tenging við markmið Réttindaskóla:

- Þekking á réttindum barna. Með því að vinna markvisst að því að starfsfólk og börn læri um réttindi barna erum við að leggja okkur fram við að þekking á réttindum barna aukist í leikskólanum.
- Eldmóður fyrir réttindum barna. Þegar allir í leikskólanum læra, þekkja og vinna með réttindi barna viljum við og getum við alltaf gert meira. Við þöllum upp á hvert annað í þessari vinnu, sjáum hvað aðrir í leikskólanum gera og viljum gera meira. Börnin verða meðvitaðri um réttindi sín og halda okkur við efnið.
- Barnasáttmálinn hluti af daglegu lífi. Með námskeiðunum, verkefnum, fundunum og þekkingu starfsfólks og barna á Barnasáttmálanum verður hann sjálfkrafa hluti af daglegu lífi Krógbólss.
- Samstarf. Fræðsla og vinna með Barnasáttmálann verður til þess að samstarf barna, foreldra og starfsfólks eykst.

Tenging við Barnasáttmálann: Með þessari aðgerð erum við að gera okkar í að uppfylla 42. grein Barnasáttmálans sem segir að allir verði að þekkja réttindi barna.



Aðgerð 2

Hvað: Að börnin læri og þekki réttindi sín.

Hver: Verkefnastjórar á öllum deildum.

Hvernig: Vinna með verkefnahefti Unicef.

Hvenær: Verkefnavinna inn á hverri deild, t.d. í hópastarfi, 2023-2024.

Tenging við markmið Réttindaskóla:

- Þekking á réttindum barna. Með því að vinna markvisst að því að starfsfólk og börn læri um réttindi barna erum við að leggja okkur fram við að þekking á réttindum barna aukist í leikskólanum.
- Eldmóður fyrir réttindum barna. Þegar allir í leikskólanum læra, þekkja og vinna með réttindi barna viljum við og getum við alltaf gert meira. Við pössum upp á hvert annað í þessari vinnu, sjáum hvað aðrir í leikskólanum gera og viljum gera meira. Börnin verða meðvitaðri um réttindi sín og halda okkur við efnið.
- Barnasáttmálinn hluti af daglegu lífi. Með námskeiðunum, verkefnum, fundunum og þekkingu starfsfólks og barna á Barnasáttmálanum verður hann sjálfkrafa hluti af daglegu lífi Krógbóls.
- Samstarf. Fræðsla og vinna með Barnasáttmálann verður til þess að samstarf barna, foreldra og starfsfólks eykst.

Tenging við Barnasáttmálann: Með því að tryggja að börnin þekki og séu meðvituð um réttindi sín minnkum við líkurnar á mismunun. Þessi aðgerð tengist líka 29. grein sem fjallar um markmið menntunar og 42. grein.



Aðgerð 3

Hvað: Stofna Réttindaráð þar sem öll fimm ára börn fá tæki færi til þess að taka þátt og halda reglulega Réttindaráðsfundi.

Hver: Verkefnastjóri á elstu deild og tengiliður.

Hvernig: Verkefnastjóri á elstu deild og tengiliður skipuleggja réttindaráðsfundina. Funda skal reglulega yfir veturinn.

Hvenær: Réttindaráð byrjar að funda á haustönn 2023.

Tenging við markmið Réttindaskóla:

- Lýðræði. Með stofnun og vinnu Réttindaráðs og notkun hugmyndakassans fá börnin aukið tækifæri til að taka þátt og koma sínum skoðunum, óskum og hugmyndum á framfæri = lýðræði í leikskólanum.
- Barnasáttmálinn hluti af daglegu lífi. Með námskeiðunum, verkefnum, fundunum og þekkingu starfsfólks og barna á Barnasáttmálanum verður hann sjálfkrafa hluti af daglegu lífi Krógbóls.
- Samstarf. Með fræðslu, þekkingu, stofnun Réttindaráðs og hugmyndakassanum verður til samstarf milli barna, foreldra og starfsfólks.

Tenging við Barnasáttmálann: Með stofnun og fundum Réttindaráðs erum við að vinna með 2., 12. og 13. grein. Búa til vettvang fyrir skoðunum allra barnanna og gefa þeim öllum tækifæri á að koma hugmyndum sínum á framfæri.



Aðgerð 4

Hvað: Að börnin fái meira val í matartímunum.

Hver: Matráður og leikskólastjóri.

Hvernig: Matráður og leikskólastjóri finna leiðir sem koma til greina.

Hvenær: Á vorönn 2024.

Tenging við markmið Réttindaskóla:

- Lýðræði. Þegar börnin fá meira um það að segja hvað er í boði í matartímunum aukum við lýðræðið í Krógabóli. Þeirra óskir og hugmyndir koma fram.
- Barnasáttmálinn hluti af daglegu lífi. Með auknu lýðræði erum við að vinna í því að gera Barnasáttmálann að hluta af daglegu lífi í leikskólanum.
- Samstarf. Börnin eru með í ákvarðanatöku, hlustað er á þau og þeirra óskir og skoðanir skipta máli.

Tenging við Barnasáttmálann:

Það að börnin fái meira val í matartímanum berum við virðingu fyrir skoðunum þeirra og vali. Einnig tengist 27. grein Barnasáttálans þessari aðgerð.



Aðgerð 5

Hvað: Útbúa hugmyndakassa þar sem börnin geta komið hugmyndum sínum á framfæri.

Hver: Verkefnastjóri á elstu deild og tengiliður.

Hvernig: Verkefnastjóri á elstu deild útbýr hugmyndakassa og kynnir hlutverk hans fyrir barna- og starfsmannahópnum.

Hvenær: Útbúa hugmyndakassa og kynna hann fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum á haustönn 2023.

Tenging við markmið Réttindaskóla:

- Lýðræði.
Hugmyndakassinn gefur börnunum aukið tækifæri til að taka þátt og koma sínum skoðunum, óskum og hugmyndum á framfæri = lýðræði í leikskólanum.
- Barnasáttmálinn hluti af daglegu lífi.
Með námskeiðunum, verkefnunum, fundunum og þekkingu starfsfólks og barna á Barnasáttmálanum verður hann sjálfkrafa hluti af daglegu lífi Krógbóls.
- Samstarf.
Með fræðslu, þekkingu, stofnun Réttindaráðs og hugmyndakassanum verður til samstarf milli barna, foreldra og starfsfólks.

Tenging við Barnasáttmálann: Með hugmyndakassanum fá börnin tækifæri til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri og virðing er borin fyrir þeim.



Aðgerð 6

Hvað: Tryggja að allt starfsfólk þekki samræmda áætlun um tilkynningar til barnaverndar og jafnréttisáætlun Krógabóls.

Hver: Skólastjóri.

Hvernig: Skólastjóri fer yfir samræmda áætlun um tilkynningu til barnaverndar og jafnréttisáætlun með starfsfólki. Greinagerð inn í starfsmannahandbók og á heimasíðu Krógabóls.

Hvenær: Á starfsmannafundum 2023/2024.

Tenging við markmið Réttindaskóla:

- Lýðræði.
Með stofnun og vinnu Réttindaráðs og notkun hugmyndakassans fá börnin aukið tækifæri til að taka þátt og koma sínum skoðunum, óskum og hugmyndum á framfæri = lýðræði í leikskólanum.
- Barnasáttmálinn hluti af daglegu lífi.
Með námskeiðunum, verkefnum, fundunum og þekkingu starfsfólks og barna á Barnasáttmálanum verður hann sjálfkrafa hluti af daglegu lífi Krógabóls.
- Samstarf.
Með fræðslu, þekkingu, stofnun Réttindaráðs og hugmyndakassanum verður til samstarf milli barna, foreldra og starfsfólks.

Tenging við Barnasáttmálann: Með þessari aðgerð erum við að tryggja það að börnin njóti alltaf vafans. Við sjáum til þess að fjölskyldan fá þá leiðsögn sem hún. Við gerum allt sem við getum til að vernda börnin.



Samantekt

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Unicef) byrjaði hjá okkur í Krógabóli veturinn 2022-2023. Það haust stofuðum við Barnasáttmálanefnd Krógabóls. Í nefndinni situr tengiliður, leikskólastjóri og fimm verkefnastjórar (einn starfsmaður af hverri deild leikskólans og er tengiliðurinn einnig verkefnastjóri á sinni deild). Innleiðingin fór hægt af stað meðal annars vegna breytinga síðasta haust þar sem elsti árgangur Krógabóls flutti í annað húsnæði og töluverðar breytingar urðu á barna- og starfsmannahópnum í Krógabóli. En í vetur höfum við gert vel og finnum við fyrir miklum áhuga á málefnum og aukinni þekkingu bæði hjá börnum og starfsfólki.

Verkefnavinna starfsfólks gekk vel, við byrjuðum vorið 2023 en kláruðum fræðsluna í vetur. Allir starfsmenn tóku rafrænt námskeið um réttindafræðslu og þá hafa starfsmenn setið námskeið um réttindafræðslu hjá Unicef á tímabilinu. Fleiri starfsmenn munu fara á námskeiðið þegar það verður í boði næst. Hvað varðar nýtt starfsfólk sem ekki var byrjað þegar verkefnavinnunni lauk útbjuggum við kafla í starfsmannahandbók Krógabóls sem allir, bæði nýjir og gamlir starfsmenn geta kynnt sér. Ef viðkomandi verður fastráðinn mun hann sækja námskeið hjá Unicef og á fræðslugátt Akureyrarbæjar. Sama má segja um samræmda áætlun um tilkynningar til barnaverndar og jafnréttisáætlun Krógabóls. Fræðsluefni þessu tengdu er að finna í starfsmannahandbók og á heimasíðu Krógabóls.

Verkefnavinna og fræðsla barnanna gekk einnig vel. Misjafnt var á milli deilda og árganga hvaða verkefni voru unnin og hvernig þau voru útfærð. Börnin voru spennt fyrir hugmyndakössunum og foreldrar fengu tölvupóst með upplýsingum um kassana og hlutverk þeirra og hvöttum við foreldrana til að ræða við börnin um réttindin þeirra og að þau geti haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri. Eins væri frábært ef foreldrarnir hjálpuðu börnunum að setja hugmyndir þeirra á blað svo þau geti sett þá í hugmyndakassana.

Réttindaráðið (eldra) var stofnað eftir áramót en ekki um haustið eins og átti að gera og skrifast það á fyrrgreindar breytingar í skipulagi leikskólans. Þegar Réttindaráðið fór af stað fundaði hver hópur mánaðarlega og voru fundirnir oftast um 15-30 mínútna langir. Hugmyndakassinn var alltaf opnaður og yfirleitt voru einhverjar hugmyndir í honum. Þær voru ræddar og kosið um þær þegar þurfti. Aðgerð númer fjögur, „að börnin fái meira val í matartímum“ kom upp úr Hugmyndakassa elsta árgangsins. Hugmyndin hljóðaði upp á að viðkomandi vildi fá cherioos í morgunmat á föstudögum en ekki hafragraut eins og er í boði á föstudögum. Hugmyndin var rædd á Réttindaráðsfundi og ákveðið að athuga hvort hægt væri að hafa bæði hafragraut og cherioos í boði á föstudögum. Börnin báru hugmyndina undir leikskólastjóra og matráð og hugmyndin var samþykkt. Á föstudögum er bæði í boði og börnin alsæl.

Yngra Réttindaráð var stofnað aðeins seinna en það eldra. Fyrirkomulagið á fundunum þeirra er eins og hjá eldra Réttindaráðinu og þó að ráðið sé á byrjunarstigi fer það vel af stað og börnin spennt fyrir þessu hlutverki.

Hver deild leikskólans velur einu sinni á önn hádegismat, börnunum finnst þetta skemmtilegt, deildirnar eru með kosningu og meiri hlutinn ræður. Yngstu börnin velja eftir myndum en eldri börnin segja hvað þau vilja fá í hádegismat þegar þeirra deild er að velja.

Krógaból stefnir á viðurkenningu í vor 2024.